

allra manna kunnugast um landamerki Ásgarðs, þar sem hann hefur átt þar heima í ein átta ár, og getur hann þá ekki reiknað með að fá í kaupunum land, sem er innan girðingar Hólabrekku og verið alla tíð nytjað af eiganda hennar. Hefði hann þá ætlað að heimta landið undir Ásgarð aftur eða vitað um ágreining um landamerki, þar honum að gera fyrirvara um það, ef hann hugsaði sér síðar að byggja einhvern rétt á því.

Af þessu og öðru, sem upplýst er í málinu, virðist augljóst, að landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku hafa verið ágreiningslaus af hálfu eigenda þessara jarða fram að því, að þetta mál er höfðað.

Með skírskotun til þess, sem hér er ritað að framan, verður niðurstaða réttarins sú, að landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku skuli vera, eins og girðingin hefur staðið, þannig að hið umdeilda landsvæði verði áfram innan girðingar Hólabrekkulands og tilheyri þeirri jörð.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að þóknun til dómara og ferðakostnaður, kr. 800.00, greiðist af stefnanda.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

**Því dæmist rétt vera:**

Landamerki milli Ásgarðs og Hólabrekku skal vera girðing sú, sem þar stendur nú, þannig að þrætulandið, ca. 3 dagsláttur, sé innan Hólabrekkulands.

Þóknun til dómara, kr. 800.00, greiðist af sækjanda, Sveinbirni Sigurðssyni, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Föstudaginn 16. maí 1947.

Nr. 132/1946. **Fiskimjöl h/f** (Hrl. Theódór B. Lindal)

gegn

**Fiskimjöl Njarðvík h/f**

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson  
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna  
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um firmanafn.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 23. sept. f. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. október

f. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt óheimilt að nota firmanafnið Fiskimjöl Njarðvík, og honum dæmt skylt að viðlögðum 200 króna dagsektum að strika nafn þetta úr hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Orðið fiskimjöl hefur verið notað í lögum sem vöruheiti, áður en áfrýjandi tók þetta orð upp sem firmanafn, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1929. Samkvæmt þessu og þar sem orðið fiskimjöl er almennt vöruheiti og firmanafn áfrýjanda hefur því ekki í sér fólgin nægileg sérkenni, þykir krafa hans ekki verða tekin til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 700.00.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskimjöl h/f, greiði stefnda, Fiskimjöl Njarðvík h/f, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu  
10. apríl 1946.

Ár 1946, miðvikudaginn 10. apríl, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af setudómara Kristni Ólafssyni sem sjódomsformanni og meðdómendum þeim Sigurði Guðnasyni innheimtumanni og Birni Helgassyni skipstjóra, upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 5. apríl síðastliðinn.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu með stefnu, dags. 25. janúar s. l., af Fiskimjöl h/f í Reykjavík gegn Fiskimjöl Njarðvík h/f, Njarðvíkurhreppi, Gullbringusýslu, og gerir stefnandinn þær kröfur, að hinu stefnda hlutafélagi verði talið óheimilt að nota nafnið „Fiskimjöl Njarðvík“ og það skyldað til þess, að viðlögðum 200 króna dagsektum, að láta

má nafnið úr hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu, og því gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Stefnt hlutafélag hefur mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt sýknu og sér dæmdan hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þessir:

Þann 1. marz 1930 var tilkynnt til hlutafélagaskrár Reykjavíkur hlutafélagið „Fiskimjöl“. Hefur félag þetta síðan starfað að vinnslu fiskimjöls og hefur einkum keypt hráefni úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá verstöðvum suður með sjó. Stefnandinn heldur því fram, að félag hans hafi verið fyrst til þess hér á landi að framleiða fiskimjöl í stórum stíl, og nafnið hafi verið nýyrði, er félagið tók það upp.

Félagið hefur nú starfað í þessari grein um 15 ára skeið, haft mikil viðskipti, bæði utan lands og innan, og er þekkt um land allt undir þessu nafni.

Á aðalfundi H/f Hraðfrystihúss Flateyrar 1943 var sú breyting gerð á lögum og stofnsamningi félagsins, að heiti þess varð: Fiskimjöl Njarðvík h/f, heimili þess og varnarþing Innri-Njarðvík, Gullbringusýslu, í stað Flateyrar áður, og sá tilgangur þess að reka hraðfrystihús, fiskiðnað og aðra starfsemi í því sambandi ekki lengur bundinn við Flateyri, heldur óháður öllum staðartakmörkunum.

Tilkynning þessa efnis, dags. 11. des. 1943, til hlutafélagaskrár Ísafjarðarsýslu er birt í Lögbirtingablaðinu 21. jan. 1944, og í Lögbirtingablaðinu 28. apríl s. á. er birt tilkynning til hlutafélagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu um stjórnarkosningu á framhaldsaðalfundi í Fiskimjöl Njarðvík h/f, Innri-Njarðvík, sem haldinn var 21. apríl s. á., en síðan var félagið tilkynnt og skrásett í hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu <sup>3</sup>/<sub>12</sub> 1944.

Hlutafélagið „Fiskimjöl Njarðvík“ rekur fiskimjölsverksmiðju í Innri-Njarðvík og framleiðir fiskimjöl úr fiskúrgangi.

Það er þannig viðurkennt í málinu, að báðir aðiljar þess framleiða fiskimjöl úr fiskúrgangi, sem þeir fá að miklu leyti á sömu slóðum, en önnur verksmiðjan er í Reykjavík, en hin í Innri-Njarðvík, Njarðvíkurhreppi.

Stefnandinn heldur því fram, að hann hafi öðlzt einkarétt á heitinu „Fiskimjöl“ með notkun sinni á því undanfarin 15 ár og löglegri skrásetningu á því. Stefndu félagi sé með öllu óheimilt að nota það, eins og það geri, og slík notkun brjóti í bága við 10. gr. l. nr. 42/1903 svo og l. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum, því að nöfnin séu svo lík, að hætta sé á, að þeim verði brenglað saman. Slíkur ruglingur hafi átt sér stað, enda sé sérstök hætta á, að nöfnunum verði ruglað saman, þar sem félögin starfi bæði í sömu atvinnugrein og að nokkru leyti á sömu slóðum.

Á hinn bóginn heldur stefndi því fram, að heiti stefnandans njóti ekki réttarverndar samkvæmt firmalögum frá 1903, þar sem félögin séu ekki í sama hreppi. Og réttarvernd samkvæmt lögum

84/1933 komi ekki heldur til greina, þar sem nöfnin séu ekki svo lík, að það geti komið að sök.

Að lokum heldur stefndi því fram, að nafn félagsins hafi verið skráð athugasemdalaust í hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu, og þegar af þeirri ástæðu sé félaginu heimil notkun þess, sbr. 3. gr. firmalaganna.

Áður en farið er út í að meta málsástæður og rök aðilja, skal vikið að hinni almennu hlið málsins.

Heitið Fiskimjöl er nú hið almenna orð málsins um þá vörutegund, eins konar „mjöl“ framleitt úr fiskúrgangi. Það kann að vera rétt, að heitið „fiskimjöl“ hafi verið nýyrði í málinu eða a. m. k. mjög lítið notað, er stefnandinn tók það 1930, sem nafn hlutafélagsins. En nú er það alþekkt heiti á umræddri vörutegund, svo almennt er ekki notað né þekkt í málinu annað orð um þá vöru sérstaklega.

Ef réttmætt væri að veita einkarétt um notkun slíkra almennra vöruheita, væri þeim, er hann hlyti, þar með gefin forréttindi um að njóta þess hagræðis, er merking orðanna felur í sér, og það sumpart á annarra kostnað.

Dómurinn er því þeirrar skoðunar, að óheimilt sé að veita slíkan einkarétt um notkun á almennu heiti vörutegundar, og telur það ekki geta samrýmst eðlilegum og sjálfsögðum rétti til notkunar almennra orða málsins.

Fyrir því ber, þegar af þessari ástæðu, að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Fiskimjöl Njarðvík h/f, er sýkn af öllum kröfum stefnandans, Fiskimjöls h/f, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.